

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/2091**

2023/EES/26/17

frá 28. nóvember 2019

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 354. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja að gjaldmiðlapörin sem um getur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 <sup>(2)</sup> haldi áfram að endurspeglar raunverulega fylgni milli viðkomandi gjaldmiðla er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni.
- 2) Í skránni er dagsetningin 31. mars 2018 notuð sem lokadagsetning í þeim tilgangi að reikna út þriggja og fimm ára gagnaraðirnar sem þarf til að meta gjaldmiðlapörin í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 4) Í ljósi þess að nauðsynlegar breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 fela ekki í sér umtalsverðar breytingar á innihaldi, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(3)</sup>, hefur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ekki haft opið samráð við almenning, þar sem það væri ekki í réttu hlutfalli við umfang og áhrif þessara draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

---

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjútíð. L 313, 28.11.2015, bls. 30).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

## VIÐAUKI

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 kemur eftirfarandi:

## „VIÐAUKI

**Skrá yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni***1. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við evru (EUR)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírhám (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK).

*2. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við arabískt dírhám (AED)*

Kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírhám (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*3. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við albanskt lek (ALL)*

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírhám (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

*4. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bosnískt og hersegovínskt mark (BAM)*

Albanskt lek (ALL), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírhám (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), evra (EUR).

*5. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við búlgarskt lef (BGN)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírhám (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK), evra (EUR).

*6. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við svissneskan franka (CHF)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírhám (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

*7. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kínverskt júan (CNY)*

Arabískt dírhám (AED), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*8. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við tékkneska krónu (CZK)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírhám (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

*9. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við danska krónu (DKK)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírhám (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), sænsk króna (SEK).

*10. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis við Hong Kong dal (HKD)*

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taflenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*11. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við króatíska kúnu (HRK)*

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

*12. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ungverska fórintu (HUF)*

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), pólskt slot (PLN), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

*13. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við ísraelskan nýsikil (ILS)*

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taflenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

*14. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við indverska rúpíu (INR)*

Arabískt dírham (AED), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), taflenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

*15. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við suður-kóreskt von (KRW)*

Singapúrskur dalur (SGD).

*16. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við líbanskt pund (LBP)*

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taflenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*17. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við marokkóskt dírham (MAD)*

Arabískt dírham (AED), albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), ísraelskur nýsikill (ILS), norður-makedónskur denari (MKD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), singapúrskur dalur (SGD), taflenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

*18. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við norður-makedónskan denar (MKD)*

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dírham (MAD), rúmenskt lei (RON), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

*19. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við makaóskt pataka (MOP)*

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taflenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

*20. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við filippseyskan pesa (PHP)*

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taflenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

21. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við pólskt slot (PLN)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), ungversk fórinta (HUF), evra (EUR).

22. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við rúmenskt lei (RON)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), serbneskur denari (RSD), evra (EUR).

23. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við serbneskan denara (RSD)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), svissneskur franki (CHF), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), ungversk fórinta (HUF), marokkóskt dírham (MAD), norður-makedónskur denari (MKD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

24. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við sænska krónu (SEK)

Bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN) dönsk króna (DKK), evra (EUR).

25. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við singapúrskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), suður-kóreskt won (KRW), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

26. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taílenskt bat (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

27. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taívanskan dal (SGD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

28. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bandaríkjadal (USD)

Arabískt dírham (AED), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), ísraelskur nýsikill (ILS), indversk rúpía (INR), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dírham (MAD), makaóskt pataka (MOP), filippseyskur pesi (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD).“

---